

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – 128. fundur 17. nóvember 2010, kl 12:05.

Mætt: Elliði Vignisson formaður, Ólafur Elísson, Hafsteinn Gunnarsson, Sveinn Magnússon, Íris Róbertsdóttir, Magnús Sigurðsson, Gunnar Friðfinnsson, Elín Sólborg Eyjólfsdóttir og Ólafur H. Sigurjónsson.

Formaður setti fund og fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

Samþykkt var að hafa fundi nefndarinnar í hádegi fimmtudags, í stað miðvikudags.

- 1. Upphaf haustannar 2010.** Starfið hófst 23. ágúst með kennarafundi og skólasetningu. Nemendur eru tæplega 300 og kenndir áfangar eru eins fáir og við getum komist af með. Í byrjun september voru hér gestir frá Svíþjóð í fjóra daga, 20 nemendur og tveir kennarar. Skólafundur var haldinn 17. sept., en þannig fundi sækja allir starfsmenn skólans ásamt fulltrúum nemenda. Rætt var um stöðu skólans í samfélaginu og ýmislegt því tengt, meðal annars busavígsli. Talsverð umræða varð í nefndinni um það mál og fram kom að skólinn mun halda fund með nemendum í vor um málið og senda fræðsluefni til verðandi nýnema og þeirra foreldra. Næsta busavígsli verður prófsteinn á það hvort hún verður sú síðasta eða ekki. Eftir tveggja ára hlé fór 25 nemenda hópur ásamt 3 kennurum og einum björgunar-sveitarmanni á Fimmvörðuháls þann 21. sept. Gekk það ágætlega. Tveir fulltrúar úr menntamálaráðuneytinu komu í heimsókn 28. okt. og fóru yfir nýja skólasamninginn, ásamt því að skoða rekstur, námsframboð, stjórnunarhætti, sjálfsmat og fleira. Þeir fóru nokkuð ánægðir af okkar fundi. Vetrarfrí var 29. október. Skólinn er áfram í samstarfi við þrjá aðra skóla, Ísafjörð, Sauðárkrók og Neskaupstað um ýmis mál sem tengjast þróun skólastarfsins. Skólinn er einnig í samstarfi við 8 aðra skóla um verkefni sem nefnist „Fisktækniskóli Íslands“.
- 2. Framundan er** gerð rekstraráætlunar næsta árs og viðbrögð við áframhaldandi niður-skurði. Enn erum við í þeirri stöðu að vera með fleiri nemendum en við fáum greitt fyrir, ásamt hærri húsaleigu en gert var ráð fyrir. Kennslu lýkur 1. desember og próflok eru 16. des., en útskrift er þann 18. desember. Væntanlega verða 14 stúdentar brautskráðir. Unnið er að því að koma „Íþróttakademíu“ FÍV og ÍBV af stað á vorönn og hefur Árni Stefánsson, hjá ÍBV sett fram ákveðnar hugmyndir sem unnið er eftir. Skráning nemenda stendur yfir (20 skráðir 17. nóv). Fundarmenn lýstu ánægju sinni yfir því að þetta verkefni væri að fara af stað og töldu það geta orðið lyftistöng fyrir skólann.
- 3. Önnur mál.** Rætt var um það hvort skólinn gæti minnt á sig við þau tækifæri þegar mannfjöldi kemur saman, við hátíðleg tækifæri (setning þjóðhátíðar eða 17. júní). Til dæmis mætti gera þetta með því að allir útskrifaðir stúdentar kæmu með húfur sínar og mynduðu áberandi hóp (samanber júbíleringu gömlu skólanna).

Fleira var ekki gert. Fundi lauk kl 13:20

Ólafur H. Sigurjónsson